

Ár 2019, mánudagurinn 29. apríl 2019, er í Áfrýjunardómstóli ÍSÍ í málinu nr. 1/2019:

KFR-Valkyrjur

Gegn

ÍR-TT

Uppkveðinn svohljóðandi

Dómur:

Málið dæma Helgi Sigurðsson, Helga Melkorka Óttarsdóttir og Hulda Árnadóttir.

Áfrýjandi skaut málinu til dómstólsins með áfrýjun hinn 20. Apríl 2019. Áfrýjað er dómi dómstóls Íþrótt- og Olympíusambands Íslands frá 16. apríl 2019 í máli nr. 4/2019. Dómsorð hins áfrýjaða dóms er svohljóðandi: „Kæranda, Keiluliði ÍR-TT er dæmdur sigur í leik liðsins og liðs kærða, KFR-Valkyrjur, þann 30. mars 2019, 0 – 14”.

Fyrir dómstólnum gerir áfrýjandi aðallega þær kröfur að öllum kröfum ÍR-TT verði vísað frá og að úrslit leiksins verði látin standa óbreytt. Til vara að úrslit leiksins verði látin standa óbreytt og hinum áfrýjaða dómi snúið þannig að úrslit leiksins standi.

ÍR-TT gerir þá kröfu að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Málið var dómtekið að lokinni fyrirtöku þess fyrr í dag. Af hálfu áfrýjanda voru mættir Pórir Ingvason og Valgeir Guðbjartsson og af hálfu ÍR-TT voru mættar Sigríður Klemensdóttir og Linda Hrönn Magnúsdóttir. Þau gerðu grein fyrir sjónarmiðum hvors aðila um sig.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi sem og málsástæður hvors aðila um sig og vísast til þess sem þar kemur fram.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms er hann staðfestur.

Dómsorð:


Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.



Helgi Sigurðsson



Helga Melkorka Óttarsdóttir



Hulda Árnadóttir